

Fundur 6.1.2025 Ólafur Gunnar Daníelsson.

Góða kvöldið, komið þið öll sæl.

*Góða kvöldið, gott kvöld.*

Er móðir mín ekki með ykkur núna ?

*Nei er þetta Ólafur ?*

Já.

*Nei ég heyrði bara ekkert frá henni.*

Það var svo erfitt að ég get ekki talað lengi, ég, loksins kemst ég smávegis í sambandið.

*Já það er hálf leiðinlegt að hún hafi ekki mætt.*

Afi biður að heilsa þér og konan þín.

*Já takk fyrir það.*

*Gengur ekki allt vel hjá þér ?*

Gengur allt vel hjá mér og ég hef verið að læra og er að undirbúa hvað ég ætla að taka mér fyrir hendur í verkfræðinámi og hef einnig með vinum mínum ræktað tónlistarhæfileika mína og komið nokkrum sinnum fram og ekki aðeins í rapptónlist.

Það hefur verið ánægjulegt, mér varð mjög hugsað til ykkar um hátíðirnar og ég vil senda bróður mínum og fjölskyldu sérstakar kveðjur og hlakka til að heyra af barninu og hvernig þeim gengur, ég.

*Ert þú ekki að tala við móður þína í gegnum þrjónana sem hún er að nota ?*

Jú jú, ég reyni það, það er alltaf eitthvað sem truflar mig þegar ég reyni að koma í sambandið, en það er maður hér í kvöld sem ætlar að tala við ykkur á eftir, og við tveir höfum mikið talað saman.

Hann stofnaði samtök hér á nýjum hnetti, sem ég er meðlimur í og er það hópur okkar framliðinna Íslendinga, Eiríkur biður að heilsa, hann er hér einn af meðlimum, Eiríkur

*Þorsteinsson, Hamall.*

Eiríkur Hamall Þorsteinsson hann biður að heilsa (*takk fyrir það*) og þetta er hópur, ég næ ekki að nefna nafn hópsins á íslensku, við erum, það sem við eigum sameiginlegt er samband á milli geðrænna vandamála og mikilla hæfileika og hættan á því að lenda í ógöngum.

*Það er athyglisvert.*

Við höfum sumir náð fram...

*Framförum ?*

Nei ég ætlaði ekki að segja það.

*Fyrirgefðu.*

Það er svo margt, að ég hef getað haldið mér frá eiturfja freistingunni, en það er svo margt nýtt að læra að við höfum náð sumir í þessum hópi árangri á vísindasviðinu.

Ég er enn þá að læra, Eiríkur hefur náð árangri bæði í kennslu hér í eðlisfræði og í sjálfstæðum rannsóknum, hann vill gjarnan tala síðar.

Vona að þið hafið haft það gott um hátíðirnar og það vona ég líka.

*Já já, Já já.*

Ég sendi mömmu og öllum mínar bestu kveðjur, segðu þeim að ég geti ekki alltaf komist til að, í sambandið, ég er oft mjög nálægt því, en eitthvað sem truflar, verð ég nú að kveðja.

Þakka ég fyrir.

Og vona að þau hafi það öll gott og hugsa mikið til ykkar, verið þið sæl.

*Vertu blessaður og þakka þér fyrir komuna, sæll.*